

pennan löst eins og hann; en hann gætir þess ekki, að hann forðast ekki löstinn, heldur forðast lösturinn hann. Þar sem ekkert stríð er, þar er enginn sigur. Þegar slíkir menn dæma um drykkjuskap eða um bindindi, eða þörf fyrir bindindi, þá er það sem blindur dæmi um lit, nema ef þeir vildu trúá þeim, sem betur vita, og viðhafa nákvæman athuga á lífi hófsmanna og drykkjumanna, í ljósi mannþekkingar og mannelsku.

Þessu ljósi þurfa allir hófsmenn að bregða vel tendruðu yfir allt ríki vingaeldrarans, og athuga þann sannleika, að enginn fær sigrað eða af lífi tekið þennan óvin guðs og manna, nema Bindindi drottning. Komið því allir hófsmenn og sverjið þessari drottningu hollustu eða, ef ekki af varhygð og sjálfelsku, þá af mannelsku. Guðhræddi hófsmáður! til þín stíla þú herhyót mína, því hjarta þitt er meira viðkvæmt, en ásakandi, út af skelfingum þeim, er þú hefir sjeð koma af drykkjuskap, þú hefir grátið og særzt af þessum óföllum, og þú skelfur og titrar, er þú með alvöru horfir fram á leið til hins myrka ferils náunga þíns um tímann til eilífðarinnar. Þú ert mannvínur. Hvar getur mannvínátta þín æft sig betur? Lengra nær hún þó, en forða sjálfum þjer við ofdrykkju? Lagði ekki Kristur lífið út fyrir bræðurna? Viltu þá ekki afneita þér í þessu, sem eitt fremur öllu öðru geti frelsað einn eða fleiri, marga eða fáa bræðra þinna? (Framh. síðar.)

Leiðrétting. 41. dálk, 23. línu: „tengdafödur“ les: langafa-födur. Sama dálk, 17. l. að neðan: síðar les: síður.

Stjórnar-frumvörp á alþingi 1877.

Frumvörp til laga hefir stjórnin lagt fyrir alþingi í ár 19 talsins, sum meiri og sum minni þýðingar:—
I.) Um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Skuli þeir settir á föst laun, svo að sýslumenn í Árness, Húnavatns, Mýra & Borgarfjarðar, Þingeyjar sýslum hafi 4000 Kr. í árslaun. Sýslum. í Vestmannaeyja, Dala, Barðastranda, Stranda sýslum hafi 2400 Kr.; en í þeim sýslum, sem þá eru ónefndar, fái sýslumenn 3200 Kr. laun. Rvíkrbæjarfógeti fái 4000 Kr. laun og 800 Kr. skrifstofufé: Ísafjarðar og Akreyrar bæjarfógetar fái 600 Kr. laun. Aukatekjur allar renni hér eftir í landssjóð, nema tekjur þær, er sýslumenn hafa haft af innheimtu brennivins- og tóbaks-tolls og svo fyrir eftirlit útlendra skipa. —
II.) Um breytingar og viðauka við fjárkláðatilskipanirnar, miðandi til að herða aðhaldið að eigendum kláðafjár.
III.) Um breyting á birtingarmáta laga.

IV.) Um ákæru og hegning fyrir tíundarsvik.

V.) Um stofnun dýralæknis-embætta í Íslandi (4 dýralæknar, sinn í hverjum fjórðungi og hver með 1200 Kr. launum).

VI.) Um skifti dánarbúa, félagsbúa o. fl. — Umfangsmikið frumvarp; en af því það er mál, sem vér höfum eigi ihugað fyrir af sjálfsdáðum, viljum vér gefa oss tíma til nákvæmari lestrs og ihugunar, áður vér látum álit vort í ljós um um það. —

VII.) Um breyting á brennivins-tolllögunum, að því, er snertir toll af vörum, er fluttar eru með gufuskipum. Sama innihalds sem bráðabyrgðarlög in frá 21. febr. þ. á., sem þinglesin voru í vor.

VIII.) Um skatt af ábúð og afnotum jarða, og af lausafé.

IX.) Um tekjuskatt (af eign og atvinnu).

X.) Um húsaskatt.

XI.) Um breyting á greiðslu fátækra-tíundar. (Þeir, sem eiga tíundarbart lausafé minna en 5 hndr., fríist við að greiða $\frac{1}{4}$ af fátækra-tíund.) — Þessi 4 síðast nefndu lagaboð eru sum alveg, en sum að mestu leyti samkvæm tilögum skattamáls-nefndarinnar. —

XII.) Um endrskoðun jarðamatsins. — Vér viljum sér í lagi nefna lofsverða málsgrein, sem ástæðnar enda á; þar segist stjórnin álíta sjálfsagt, að mats-frumvarp innar tilvonandi endrskoðunar-nefndar verði birt almenningi í tæka tíð, áður en það verður lagt fyrir alþingi til löggildingar. —

XIII.) Um skattálögur í bæjarparfir í Reykjavíkrkaupstað.

XIV.) Frumvarp til fjárhagslaga fyrir Ísland árin 1878 og '79, og

XV.) til viðauka-fjárhagslaga um sama tímabil.

XVI.) Um kosningar til alþingis. Sama frumvarp, sem vér gátum um að framan (56. dálki) að efri þingdeild ómaklega myrti 1875: nú þannig lagað, eins og það var samþykkt af neðri deild þingsins 1875. — Vonum vér þessu frumvarpi byrji nú betr en síðast í efri deildinni. —

XVII.) Um að leysa af mönnum kyrkjusóknar-band. Að hver fullveðja meðlimr sóknar-safnaðar megi ganga í söfnuð annars prests, en síns sóknarprests. — Frjálslegt frv., sem sjálfsagt er að lögtaka. —

XVIII.) Um að það skuli upphafið, að skirn sé nauðsynleg sem skjörði fyrir erfðarétti. (Bein og sjálfsögð afleiðing trúarbragðafrelsisins.) —

XIX.) Um borgaralegt hjónaband, og um trúarbragða-uppfræðing þeirra barna, er foreldrar þeirra heyra eigi báðir til þjóðkyrkjunnar. — Þetta er sömuleiðis bein og sjálfsögð afleiðing trúarbragða-frelsisins. En vér sjáum enga ástæðu, hversvegna hjónaefni,

sem heyra bæði til þjóðkyrkjunnar, mega eigi láta gefa sig í borgaralegt hjónaband. Ef borgaralegt hjónaband skal gilt að lögum í landinu, því skal þá eigi öllum, sem vilja, frjáls aðgangur að nota það?

Annars munu lesendr sjá að 4 in síðast nefndu frumvörp ganga öll í sömu stefnu, sem vér fylgðum í ritgjörðinni í upphafi þessa blaðs, enda þótt sum fari stutt, styttra miklu, en vér mundum kjósa. En „mjór er mikils vísir,“ og þetta er þó í áttina. —

TOMBOLA OG LOTTERI.

Hvað er „Lotteri“? Um það spyr fólk hér daglega nú. Lotterið getr verið með nokkuð fleiru en einu móti; en hér í þetta sinn verður það svona: Vinningrinn í Lotteriinu er **prjónavél**, 200 Kr. virði eða þar um bil! Nú skal seld viss tala seðla t. d. 200 seðlar, hver á 1 Kr. Númer er á hverjum seðli (1., 2., 3., og svo frv.) Nú ef að seljast númerin frá 1. t. d. upp til nr. 170, þá lætr forstöðunefndin í viðrvisit sýslumanns jafnmarga seðla og seldir eru og með sömu tölum á í lukkuhjólíð; síðan er því snúið og dreginn út einn seðill og aðgætt númer hans; sá, sem hefir keypt þann lotteri-seðil, er þer sama númer, hann eignast prjónavélina. Ef t. d. Nr. 115. verður dregið, þá á sá vélina, sem keypt hefir Nr. 115.

„Tombola“ er öðruvísi; þar er raðað upp öllum þeim munum, er gefnir hafa verið, og númer sett á hvern mun. Séu nú hlutirnir t. d. 400, þá verða þeir merktir nr. 1, 2, 3, og s. frv. upp til nr. 400. Síðan eru seðlar látnir í lukkuhjól með sömu númerum, sem á hlutumunum. Svó er leyft hverjum, sem vill, að draga sér númer úr hjólinu, og borgar hann 25 Au. t. d. fyrir dráttinn; en hann eignast þann mun í staðinn, er merktr er sama númeri á tombolunni, hvort sem hann er mikils eða lítills virði.

Á tombola eru oftast hafðir nokkrir auðir miðar með í hjólinu, og fær sá ekkert, er slíkan miða dregr.

En eigi þykir gott að hafa ofmikið af auðum miðum (núllum) og munu þeir varla verða sérlega margir á tombolunni hér. — Oss þykir hlýða að geta að prjónavélin er gefin af þeim mágum, sýslum. Johnsen og séra Jónasi Hallgrímssyni til fyrir-tækisins.

SKIPAFREGNIR.

Á Eskifirði.

„Ellida“, lausakaupaskip „Gránu-fél.“ kom 11. maí; fór 27. s. m. til Djúpavogs (og síðan til Papóss). —